

**FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM
FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA****TILMÆLI nr. 20****frá 31. maí 1996****varðandi bættu málsmeðferð við uppgjör á gagnkvæmum
endurgreiðslukröfum(*)****(96/592/EB)****FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI
FARANDLAUNÞEGA HEFUR,**

með hliðsjón af 3. mgr. 36. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71, en samkvæmt henni er lögbærum yfirvöldum tveggja eða fleiri aðildarríkja heimilt að semja sín í milli um annað fyrirkomulag á endurgreiðslum á tryggingaraðstoð vegna veikinda eða meðgöngu og fæðingar, sem stofnun í einu aðildarríki veitir fyrir hönd stofnunar í öðru aðildarríki, en það sem kveðið er á um í 2. mgr. sömu greinar og sem fjallað er um í 93., 94., 95. og 102. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72,

með hliðsjón af 3. mgr. 63. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, sem hefur að geyma svipuð ákvæði um tryggingaraðstoð vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma að því er varðar endurgreiðslurnar sem um getur í 96. og 102. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ástæða er til að flýta uppgjöri á gagnkvæmum endurgreiðslukröfum með tilliti til ákvæða framangreindra 93., 94., 95. og 96. gr.

Þessu markmiði má helst ná með því að leggja til að samin verði tímaáætlun um uppgjör endurgreiðslukrafna á grundvelli reikninga, í skilningi 93. og 96. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, og tímaáætlun um uppgjör endurgreiðslukrafna á grundvelli eingreiðslna, í skilningi 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

Við ákvarðanatöku skulu ákvæði 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 lögð til grundvallar.

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

að stofnanir aðildarríkjanna fylgi eftirfarandi tímaáætlun um endurgreiðslur annars vegar í skilningi 93. og 96. gr. og hins vegar 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

A. Endurgreiðslur í skilningi 93. og 96. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72

1. Stofnanir, sem hafa veitt aðstoð í skilningi 93. og 96. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, verða að leggja fram endurgreiðslukröfur sínar innan eins árs frá lokum þess almanaksárshelmings sem aðstoðin var veitt á.
2. Mánuðurinn sem miða skal við sem mánuðinn sem kröfurnar voru lagðar fram í skal vera sá mánuður þegar tilnefndi aðilinn, sem um getur í 2. mgr. 102. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, tekur við bréfinu með kröfugerðinni í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir viðtöku.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 259, 12. 10. 1996, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/97 frá 10. febrúar 1997 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

3. Reikningar skulu yfirfarnir fyrir lok 18 mánaða tímabils frá lokum þess almanaksárshelmings sem þeir voru lagðir fram á. Synjanir á einstökum skýrslum um raunveruleg útgjöld (E 125) skulu liggja fyrir í síðasta lagi við lok framangreinds 18 mánaða tímabils.
 4. Ágreiningur skal jafnaður í síðasta lagi 30 mánuðum frá lokum þess almanaksárshelmings sem umræddar endurgreiðslukröfur voru lagðar fram á.
- B. Endurgreiðslur í skilningi 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72**
5. Stofnanir, sem hafa veitt aðstoð í skilningi 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, skulu leggja fram einstakar skýrslur um mánaðarlegar eingreiðslur (E 127) á ákveðnu almanaksári jafnskjótt og skráin fyrir það ár hefur verið tekin saman og í síðasta lagi fyrir lok þess árshelmings sem hefst frá þeim degi að telja er upplýsingar um samsvarandi meðalkostnað fyrir umrætt ár eru birtar í *Stjórnartíðindum EB*.
 6. Mánuðurinn sem miða skal við sem mánuðinn sem skráin var lögð fram í skal vera sá mánuður þegar tilnefndi aðilinn, sem um getur í 2. mgr. 102. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, tekur við bréfinu með umræddri skrá í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir viðtöku.
 7. Skrár skulu yfirfarnar fyrir lok 18 mánaða tímabils frá þeim degi að telja er þær voru lagðar fram. Synjanir á einstökum skýrslum (E 127) skulu liggja fyrir í síðasta lagi fyrir lok 18 mánaða tímabilsins frá þeim mánuði að telja er viðkomandi skrá var lögð fram.
 8. Ágreiningur skal jafnaður í síðasta lagi 30 mánuðum frá lokum þess almanaksárshelmings sem umræddar endurgreiðslukröfur voru lagðar fram á.

Tilmæli þessi gilda frá 1. janúar 1997.

Formaður framkvæmdaráðsins,

G. MICCIO.